

Siglingaráð

2. fundur

Dags: 1. febrúar 2018, kl. 15:00 til 16:45 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmáttækimanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), J. Snæfríður Einarsson (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda) og Blængur Blængsson (Samskip).

Gestur fundar: Bjarni Sævarsson (Samgöngustofa).

Lagt var fram:

1. Fundargerð 1. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
2. Dagskrá fundar (send með fundarboði).
3. Drög að Áætlun um öryggi sjófarenda 2018 – ráðstöfun fjármagns.
4. Staða þingmála
5. Öryggisráðstefna 20. apríl 2018 – Drög að dagskrá.

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

1. ÁÓ setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Fór hann yfir fyrirkomulag starfa Siglingaráðs.
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. ÁP kynnti tillögur að ráðstöfun fjár árið 2018. Fjárveiting ársins er 13,5 mkr. og fært frá 2017 eru líklega 7,2 mkr. Samtals ættu því að vera um 20,7 mkr. til ráðstöfunar árið 2018. ÁÓ sagði að nú hefði Siglingaráðið stjórnina í áætluninni og á næsta fundi eigi að liggja fyrir nákvæmt yfirlit frá Samgöngustofu um ráðstöfun fjár fyrir árið 2017. Fram kom að styrkir til hugvitsmanna verði vel auglýstir og að umsóknir sem berast fái umfjöllun í Siglingaráði. Umræða var um verkefnið „Strandvari“ sem Samgöngustofa ákvað að styrkja og benti ÁLÁ að slík viðvörðun væri almennt í nútíma siglingatækjum. ÁP ætlar að láta senda upplýsingar um verkefnið á Siglingaráð.
4. IV sagði frá stöðu mála í stuttmyndagerð hjá N4. Smábátasjómaður vinnur með tökuólki að myndunum Eigin skoðun og Ofhleðsla/stöðugleiki en áætlað er að gerð þeirra ljúki um mánaðarmót febrúar/mars. Öryggisstjóri Samherja er tilbúinn að aðstoða N4 við gerð myndanna Hættuleg efni, Lokuð rými og Vinna í hæð og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í byrjun apríl. Umræða var um stuttmyndir og óskaði JSE eftir að koma að verkefninu. IV sendir henni drög að tökulistum. JSE ætlar að senda tengil á N4 stuttmyndir sem gerðar voru fyrir vinnu í landi.
5. ÁP lagði fram minnisblað um stöðu þingmála og hvatti fulltrúa í Siglingaráði að lesa frumvörpin yfir og senda inn athugasemdir. Ákveðið að Björn Freyr komi á fund Siglingaráðs til að kynna málin. ÁLÁ gagnrýndi stuttan tíma sem gefinn var fyrir athugasemdir um frumvarp til laga um köfun í atvinnuskyni en LHG hefur talsvert út á þau að setja. Benti hann á dönsk lög sem mætti þýða og taka upp hér á landi. ÁLÁ spurði hvort eftirlitsaðilar hér hefðu bolmagn til að fylgjast með að reglur væru virtar tam. í köfun með ferðamenn svo sem fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann/leiðbeinanda. HAG spurði um gang mála varðandi lög um ISM öryggisstjórnunarkerfi í fiskiskipum.
6. BS tölvusérfræðingur Samgöngustofu mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála í nýja skráningarkerfinu „Skútunni“. ÁÓ þakkaði honum fyrir frammistöðu sína í kynningum og samstarfi við Siglingaráð á tveimur vinnufundum varðandi nýja kerfið. BS sagði að smátöf hafi

orðið á fundi með Ríkiskaupum sem verður í næstu viku, útboð verður í lok febrúar og ættu tilboð að liggja fyrir í mars. Verði tilboð ekki langt yfir kostnaðaráætlun þá ætti ekkert að koma í veg fyrir að kerfið verði að fullu komið í gagnið í febrúar 2019. BS ætlar að senda lokaútgáfu gagna á fulltrúa í Siglingaráði og gefa kost á athugasemdum innan tveggja vikna.

7. Umræða var um „öpp“ fyrir skráningar í kerfið og eigin skoðun skipa. Ákveðið var að sjá hvernig framvinda mála varðandi Skútuna verði eftir opnun tilboða og fara þá í þarfagreiningu fyrir appið „Eigin skoðun skipa“ í apríl eða maí. Fram kom að yfirfara þurfi lýsingar í skoðunarhandbókum. ÁLÁ benti á að óháð tækninni þá munu menn halda áfram að hringja í Samgöngustofu vegna skráninga.
8. Áþ upplýsti að unnið verði að sérstakri „Siglingastefnu“ fyrir 2019-2022 og vænst er að Siglingaráð verði virkur þátttakandi í mótun stefnunnar sem verður lögð fram á þinginu í október 2018. SÁ mælti með sérstökum stefnumótunarfundum sem stýrt er af sérfræðing í slíkri vinnu. HAG mælti með að dönsk stefna sé skoðuð „Den blå Danmark“.
9. JSE sýndi öryggishandbók sem gerð var fyrir fiskvinnslu í landi en öryggishópur SFS stjórnaði þeirri vinnu. Fengu þau 2 mkr. styrk frá Rannsóknarsjóði síldarútvegsins í verkefnið en samanlagður kostnaður var töluvert hærri. JSE ætlar að óska eftir aðkomu Siglingaráðs að gerð öryggishandbókar fyrir fiskiskip. Minnti hún á VÍS ráðstefnuna 7. febrúar en þar verður hún með kynningu á öryggishandbókinni.
10. IV lagði fram drög að dagskrá öryggisráðstefnunnar þann 20. apríl 2018. Verður kynnt betur á næsta fundi.
11. Næsti fundur verður fimmtudaginn 1. mars 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti. IV ritaði fundargerð.